

**Nd.**

## **110. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 54, 15. júní 1926, um vörutoll.

Flutningsmaður: Tryggvi Þórhallsson.

Við 1. gr., staflíð 2. Orðið »olíufóðurkökum« falli burt.

Við 1. gr., niðurlagsákvæðin á eftir staflíðunum. Á eftir orðunum »tilbúin áburðarefni« komi: oliukökur.

### **Greinargerð.**

Á nýafstöðnu Búnaðarþingi var samþykkt í einu hljóði, samkvæmt tillögu frá skólastjóranum á Hvanneyri, að óska þess af Alþingi, að þessi breyting yrði samþykkt af Alþingi. Ástæður felast í greinargerð, sem hér fer á eftir og samin er af búfjárræktarnefnd Búnaðarþingsins.

»Frumvarpið fer fram á, að afnuminn sje tollur á oliukökum, sem nú er 1 kr. á hverjum 50 kg.

Þetta er bygt á því, að hjer á landi vantar oft eggjahvítu í fóðnr búfjárins, og fæst hún ekki í öðru heppilegra og betra fóðri en oliukökum. Einhver kynni að benda á síldarmjöl, sem hjer er framleitt, og það að tolla oliukökur, sje því gert til þess að styðja að því að síldarmjöl sje keypt, en sparað að kaupa fóður frá öðrum löndum. En þetta er ekki heppilegt. Það er sannað, að allar skepnur þurfa að hafa fleiri tegundir eggjahvítu, til að geta lifað og framleitt afurðir, en í síldarmjöli er einhæf eggjahvíta, og getur það þegar af þeirri ástæðu ekki komið í stað oliukaka, heldur eingöngu sem liður í góðri fóðurlöndu.

Að oft vanti eggjahvítu í fóðrið má sanna, þó það verði ekki gert hjer, en benda skal á, að hana vantar ætið þegar kýr injólka mikið, hversu góð sem

taðan er. Hana vantar líka oft þó kýrin mjólki lítið, ef taðan er hrakin, og svo vill oft verða í misjöfnum sumrum, og svo er nú í vetur. Loks vantar oft eggja-bvítu í fóður ána þegar líður á meðgöngutímann, ef hey er hrakið, og gætir þessa oft á vorin eftir harða vetur, og hrakin hey. Af öllu þessu er auðsætt, að til þess að bændur geti fóðrað rjett fjenað sinn, þurfa þeir að eiga aðgang að því að kaupa oliukökur, án þess að þær sjeu gerðar dýrari með tollum, sem ríkissjóð munar litlu, en einstaka kaupendur miklu«.